

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2004

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um tryggnan lágmarkslífeyri, 8. mál.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi þingsályktunartillögu um tryggnan lágmarkslífeyri.

Þingsályktunartillagan fjallar um að bæta lífeyrisþegum Tryggingastofnunar ríkisins, sem fá minna lífeyri greiddan en 50 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sínum, með því að breyta bótareglum almannatrygginga.

Landssamtök lífeyrissjóða eru sammála þeirri megin hugsun sem fram kemur í umræddri þingsályktunartillögu, þ.e.a.s. að draga þurfi úr þeim skerðingum sem lífeyrisþegar verða fyrir, ef þeir hafa áunnið sér einhver viðbótarlífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóðunum. Sú skerðing bóta almannatrygginga, sem nú er til staðar i kerfinu er alltof mikil og hefur farið vaxandi á undanförunum árum, auk þess sem hún dregur verulega úr þeim hvata, sem nauðsynlegur er til að launamenn sjái sér einhvern hag í því að greiða lög- og kjarasamningsbundin iðgjöld til lífeyrissjóða.

Þannig skila auknar bætur frá lífeyrissjóðunum sér í meiri skerðingum hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. meðfylgjandi dæmi. Um er að ræða einstakling, sem býr einn og nýtur ellilífeyri hjá almannatryggingum og lífeyrissjóði. Allar tölur eru

Bætur frá lífeyris- sjóðum	Bætur frá almanna- tryggingum	Samtals bætur fyrir skatta	Mismunur í kr.
0 kr.	100.913 kr.	100.913 kr.	
50.000 kr.	77.748 kr.	127.748 kr.	26.835 kr.
60.000 kr.	71.361 kr.	131.361 kr.	3.613 kr.
70.000 kr.	64.974 kr.	134.974 kr.	3.613 kr.
80.000 kr.	58.587 kr.	138.587 kr.	3.613 kr.
90.000 kr.	52.200 kr.	142.200 kr.	3.613 kr.
100.000 kr.	45.813 kr.	145.813 kr.	3.613 kr.

reiknaðar **fyrir** staðgreiðslu skatta og um er að ræða mánaðarlegar greiðslur. Ef viðkomandi bótaþegi er ekki með nein ellilífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóði, þá nema hámarksbætur almannatrygginga **100.913 kr.** á mánuði. Ef bótaþeginn hefur hins vegar áunnið sér **50.000 kr** greiðslur á mánuði frá lífeyrissjóði, lækka bætur almannatrygginga hvorki meira né minna en um **23.165 kr.** Af 50.000 kr. bótum frá lífeyrisjóðnum skila sér því aðeins **26.835 kr.** til bótaþegans og á þá meira að segja eftir að skattleggja þá fjárhæð. Ef greiðslur bótaþegans aukast hjá lífeyrissjóðnum t.d. um **10.000 kr.** á mánuði, hækka heildargreiðslurnar aðeins um **3.613 kr. fyrir hverjar 10.000 kr. í réttindaávinnslu,** eingöngu vegna skerðingar á bótum frá almannatryggingum. Ekki er tekið tillit til þess að eftir er að greiða skatta af þessum bótum. Hér er því um að ræða mikið ranglæti sem löggjafinn þarf að leiðrétta hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA